BREYTING Á DEILISKIPULAGI: GRAFARLÆKUR-STEKKJARMÓAR-DJÚPIDALUR, Í REYKJAVÍK

vegna breyttrar legu kvaðar á Krókhálsi, stækkaðs byggingarreitar á Krókhálsi 13 og afmörkun nýrrar lóðar fyrir dreifistöð.



Samþykkt skipulag Grafarlækur-Stekkjarmóar - Djúpidalur, frá 27. mars 2001.



Breytt skipulag Grafarlækur-Stekkjarmóar - Djúpidalur, 13. nóvember 2013.

Skýringar

- Athafnalóð
- Íbúðalóð
- Afmörkun skipulagsbreytingar
- Land GR
- Lóðamörk
- Byggingareitur
- Reiðstígur
- 3 m stígur
- Útivistarstígur
- Skógrækt
- Fráveita
- Vatnsveita
- Fornminjar
- Byggingar sem fara
- Kvöð um lagnir



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2014

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhv.- og skipulagsráði þann 9. apríl 2014 og í Borgarráði þann 2. maí 2014.

Tillagan var auglýst frá 27. jan. 2014 með athugasemdafresti til 10. mars 2014.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. júní 2014

Björn Axelsson

GREINARGERÐ

Forsendur

Reykjaæðar I og II liggja frá dælustöð á Reykjum að geymum á Öskjuhlíð. Á kaflanum við Laxalón eru hitaveitustokkarnir að miklu leyti ofanjarðar og steypan í þeim nokkuð illa farin. Þá hefur verið fyllt yfir vesturenda stokkana og hluta af foreinangruðu pípunum vestan þeirra með hárri fyllingu sem er a.m.k. að hluta stórgrýti. OR hyggst endurnýja pípurnar sem liggja undir fyllingunni og vestasta hluta hitaveitustokkana.

Skipulag

Gerð er breyting á deiliskipulag Grafarlækur-Stekkjarmóar – Djúpidalur í Reykjavík sem var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 27. mars 2001. Breytingin fellst í því að kvöð um lagnir sem nú er norðan/vestan við Krókháls 13 er felld niður. Ný kvöð um lagnir liggur austur/suður fyrir lóðina að Krókhálsi 13, samsíða götu. Kvöð er um að fjarlæga eldri stokk innan lóðar Krókháls 13, þegar farið verður í framkvæmdir. Einnig er ný kvöð innan lóðar Krókháls 13 um lagningu rafmagnstrengja að dreifistöð. Byggingarreitur fyrir Krókháls 13 stækkar þannig að hann fer inn á það svæði sem núverandi stokkur er.

Afmörkuð er ný 42 m^2 lóð merkt á uppdrætti sem f. Á lóðinni er 38 m^2 byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir dreifistöð.

Fyrir lóðina Krókháls 13 gilda skilmálar C úr gildandi deiliskipulagi þar sem segir. Á lóðinni er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi s.s. verslun, þjónustu, skrifstofur og aðra skylda starfsemi. Hámarks nýtingarhlutfall er: N:0,5. Hæð bygginga skal mest vera 9 m frá neðstu gólfplötu. Form bygginga er frjálst innan uppgefins byggingareits á lóð.

Bílastæðakröfur eru 1 stæði á hverja 35 m^2 gólfflatar bygginga. Áhersla skal lögð á að byggingar og allt umhverfi þeirra falli vel að núverandi landi og nánasta umhverfi sínu. Gert er krafa um a.m.k 19% lóðar sé gróðurþekja. Með aðaluppdrætti skal fylgja séruppdráttur af skipulagi lóðar.

Skilmálar C- lóðastærð 10.072 m^2

hámarks byggingamagn 5.360 m^2

byggingareitur stækkar úr 5.660 m^2 í 6.526 m^2.

N

0 50m 100m

LANDMÓTUN • HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5365 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

Deiliskipulag: Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpidalur

Breyting á deiliskipulagi, Krókháls

DEILISKIPULAG - DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR	SKIPULAG:YRL, MÖ TEIKNAÐ:MÖ SAMÞYKKT: KT. 110252 4479
KVARÐI1: 2000	KÓPAVOGUR dags.13.11.2013
VERKNR. 0000-DA1304	TEIKN. NR. 00 BR.

4.140.8